

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2016, þriðjudaginn 20. september var haldinn 94. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 16.16. Viðstödd voru: Hermann Valsson, Óttarr Guðlaugsson, Gunnar Kristinsson og Berghildur Erla Bernharðsdóttir. Einnig voru viðstaddir: Kristinn Steinn Traustason fulltrúi íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts og Þorgeir Magnússon deildarstjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Fundarritari var Arna Hrönn Aradóttir, verkefnastjóri ÞAG

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um verkefnið Betri Hverfi.

Sonia Wium og fagteymi frá umhverfis- og skipulagssviði tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf umhverfis – og skipulagssviðs, dags 11. ágúst 2016, vegna uppbyggingar og stækkunar Úlfarsárdalshverfis sem kallar á heildarendurskoðun á deiliskipulagi hverfisins.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggja fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð fagnar því að stækkun hverfisins séu komin á dagskrá, en óskar eftir að breytingar á skipulaginu verði skipt í tvennt, annars vegar að tillögur um stækkun verði leyst sér og hins vegar að breytingar á núverandi skipulagi verði gerðar sérstaklega.

Borghildur Sturludóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf íbúa í Grænlandsleið, dags 9. júní 2016, vegna umferðar inn á baklóðina sem er gegn deiliskipulagi og hefur í för með sér dag, kvöld og næturumferð og flutninga á dóti um neyðarútgang að aftan. Vörumóttaka er á austurhlið húsin. Þessi hlið sem snýr að íbúðabyggð á að vera lokuð m.a. samkvæmt gögnum frá skrifstofu borgarstjórnar um leyfi til áfengisveitinga. Kvartað hefur verið til heilbrigðiseftirlits vegna næturumferðar og fermingu bíla. Íbúi biður um svar við erindi sínu.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð vísar erindinu til USK með ósk um að gerð verði úttekt á svæðinu með tilliti til gildandi skipulags og með von um úrbætur.

4. Lögð fram umsókn íbúasamtaka Grafarholts vegna hverfishátíðar, „Í holtinu heima“. Samþykkt að veita styrk að upphæð kr. 100.000.-

5. Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals leggja fram svohljóðandi bókun:
Hverfisráð lýsir þungum áhyggjum af því að skipulag byggingareits (P103) við Reynisvatn sé enn á dagskrá þrátt fyrir marg ítrekaðar athugasemdir íbúa og hverfisráðs um að þar verði ekki byggt heldur verði þetta skipulagt sem útivistasvæði fyrir íbúa hverfisins og borgarbúa alla. Hverfisráð óskar eftir að boðað verði til opins íbúafundar með borgarstjóra og fulltrúum USK á næstu dögum.

Fundi slitið kl. 18.05

Hermann Valsson

Óttarr Guðlaugsson
Berghildur Erla Bernharðsdóttir

Gunnar Kristinsson